

B.t. Skóladeildar Garðabæjar**Afrit sent á: Gunnar Einarsson bæjarstjóra Garðabæjar.**

Stjórnsýsla Garðabæjar hefur að mati deildarstjóra í grunnskólum bæjarins stutt vel við skólamál í Garðabæ enda margt til fyrirmyndar og mikill metnaður fyrir góðu skólastarfi í bænum.

Samkvæmt Garðapóstinum fimmtudaginn 19. janúar 2017 kemur fram að auka fjármagni verði veitt til grunnskóla Garðabæjar vegna tímabundins álags og vonum við að stjórnendur gleymist ekki í þeim fjárveitingum.

Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu um kjör grunnskólakennara og nýr kjarasamingur var undirritaður í lok árs 2016. Í kjölfar hans hefur launabil grunnskólakennara og deildarstjóra minnkað, þurrkast út og í sumum tilfellum eru deildastjórar með lægri laun en grunnskólakennarar. Það er staða sem erfitt er að una við og er engan veginn í samræmi við ábyrgðarstöðu þá sem deildarstjóri gegnir.

Eftirfarandi dæmi er lagt fram til að undirstrika það sem um ræðir. Dæmið sýnir deildarstjóra með 20 ára kennslureynslu, 1 – 4 ár í stjórnunarreynslu sem hefur lokið diplómanámi.

	Deildarstjóri	Umsjónarkennari 2	Verkefnastjóri 2
Laun 1. mars 2017	557.155,-	559.832,-	658.134,-

Eins og staðan verður 1. mars n.k. þá fengi viðkomandi deildarstjóri hærri laun ef hann væri umsjónarkennari í stað þess að gegna starfi deildarstjóra.

Við undirritaðar óskum eftir því að þetta erindi verði skoðað vel og við höfum fulla trú á jákvæðum og skjóttum viðbrögðum af ykkar hálfu.

Virðingarfyllt, deildarstjórar í grunnskólum Garðabæjar

Deildarstjórar Álftanesskóla

Steinunn Sigurbergsdóttir

Sveinborg L. Hauksdóttir

Deildarstjórar Flataskóla

Birna Sif Bjarnadóttir

Helga Melsteð

Sigrún Guðmundsdóttir

Deildarstjórar Garðaskóla

Ásta Huld Henrysdóttir

Guðný Þóra Friðriksdóttir

Deildarstjórar Hofstaðaskóla

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir

Kristrún Sigurðardóttir

Margrét Einarsdóttir